

**ÁRSFUNDUR 2018 (eigendafundur) aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur, Vitastíg 3, Bolungarvík miðvikudaginn 17. október 2018 og hófst kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) fulltrúi Vesturbyggðar, Jón Páll Hreinsson (JPH) fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar, Smári Haraldsson (SH) formaður stjórnar NAVE, Þórir Sveinsson (ÞS) stjórnarmaður NAVE, Sigríður Gísladóttir (SG) stjórnarmaður NAVE, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður NAVE og Cristian Gallo (CG) starfsmaður NAVE. Gestur fundarins var Bjarki Bjarnason (BB), endurskoðandi frá Íslenskum endurskoðendum.

Smári Haraldsson setti fundinn og stakk upp á Jóni Páli Hreinsyni sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða. Jón Páll tók við sem fundarstjóri og stakk uppá Þóri Sveinssyni sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

**Gögn lögð fram:** Ársskýrsla NAVE 2017, ársreikningur NAVE 2017, útkomuspá rekstrar 2018, greinargerðin „Náttúrustofur-staðan og framtíðarsýn“.

**Dagskrá:**

**1. Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2017.**

HBA kynnti ársskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða 2017 og fór yfir starfsemi stofunnar á árinu. Helstu verkefni stofunnar sem unnið var að á árinu 2017 voru fuglarannsóknir, botndýra- og efnarannsóknir m.a. rannsóknir í tengslum við fiskeldi og vöktun á lús á villtum laxfiskum á Vestfjörðum, gróðurannsóknir og fornleifarannsóknir o.fl. Starfssvæði stofunnar eru Vestfirðir, en sum verkefni eru unnin utan Vestfjarða. Meðalfjöldi starfa við stofuna var 9 á árinu; fastir starfsmenn, laus- eða verkefnaráðnir og sumarstarfsmenn á söfnunum (Náttúrgripasafn Bolungarvíkur og Sjóminjasafnið Ósvör).

SH greindi í munnlegri skýrslu frá helstu verkefnum stjórnarinnar á starfsárinu 2017-2018. Alls voru haldnir átta stjórnarfundir þar sem fjallað var aðallega um rekstur og fjárhag stofunnar auk samskipta við opinber stjórnvöld varðandi framlög á fjárlögum til NAVE. Á starfsárinu voru samþykktar nýjar siðareglur stjórnar. Til máls tóku einnig: JPH, FM, ÞS, SG, HBA og CG.

**2. Ársreikningur NAVE 2017.**

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur NAVE fyrir árið 2017 ásamt endurskoðunarskýrslu.

Til máls tóku: BB, ÞS, JPH, FM og SH.

Fram kom að heildartekjur á árinu námu 91,3 millj.kr., gjöld fyrir fjármagnsliði voru 96,5 millj.kr. og nettó vaxtagjöld 0,7 millj.kr. Rekstrartap varð því 5,9 millj.kr.

Rekstrartapið má aðallega skýra með gjaldfærslu í árslok 2017 á reiknuðum áföllnum skuldbindingum vegna stofnanasamninga við starfsmenn NAVE.

Eignir námu 12,5 millj.kr., skuldir 31,6 millj.kr. og eigið fé var neikvætt um 19,1 millj.kr.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og staðfestur samhljóða.

### 3. Kosning stjórnar.

Lögð fram tillaga um skipan stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða:

Aðalmenn: Smári Haraldsson formaður stjórnar NAVE sem fulltrúi

Bolungarvíkurkaupstaðar og Strandabyggðar, Sigríður Gísladóttir sem fulltrúi

Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur og Þórir Sveinsson sem fulltrúi Vesturbyggðar og

Tálknafjarðarhrepps.

Varamenn: Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri Strandabyggðar, sem varamaður Smára

Haraldssonar, Pétur Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, sem varamaður Sigríðar

Gísladóttur og Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, sem varamaður

Þóris Sveinssonar.

Til máls tóku: ÞS, JPH og FM.

Tillaga samþykkt samhljóða.

### 4. Þóknun stjórnar.

Til máls tóku: ÞS og JPH.

ÞS lagði fram tillögu um óbreytt laun stjórnar NAVE fyrir starfsárið 2018:

„Formaður stjórnar fái 5% af þingfararkaupi alþingismanna og stjórnarmenn 3% m.v. taxa þingfararkauptsins þann 1. júní 2016 að viðbætti 5% hækkun. Stjórnarlaun formanns verði því 40.054 kr. og stjórnarlaun annarra stjórnarmanna verði 24.033 kr. fyrir hvern fund.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

### 5. Önnur mál.

a. Útkomuspá rekstrar 2018. Lögð fram útkomuspá rekstrar 2018. Rekstur fyrstu átta mánuði ársins sýnir 4,3 millj.kr. jákvæða rekstrarniðurstöðu. Í útkomuspá ársins 2018 er ráð fyrir að afgangur frá rekstri verði 4,7 millj.kr.

b. Bókun um fjármál NAVE. Lögð fram tillaga um ályktun vegna fjármála NAVE. Viðskiptabanki Náttúrustofu Vestfjarða hefur óskað eftir staðfestingu á ábyrgð aðildarsveitarfélaga NAVE á fjármálum stofunnar.

Ársfundur aðildarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða ályktaði samhljóða:

„Ársfundur NAVE haldinn miðvikudaginn 17. október 2018 í Bolungarvík lítur svo á að í 6. gr. samnings aðildarsveitarfélaganna við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða þar sem getið er um rekstrarlega ábyrgð aðildarsveitarfélaganna, felist að stjórn og forstöðumaður NAVE sé heimilt að taka skammtímalán þ.m.t. yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka stofunnar eða Landsbanka, til að fjármagna sveiflur á rekstri stofunnar innan rekstrarársins/fjárhagsársins.“

Samningurinn á milli sveitarfélaganna og ráðuneytisins er frá 30. nóvember 2012 og byggður á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum og gildi til loka árs 2017 en framlengdur til ársloka 2018.

Til máls tóku: ÞS, JPH og FM.

c. Samtök náttúrustofa. Lagt fram til kynningar greinargerð Samtaka náttúrustofa (SNS) frá maí 2017 um „Náttúrustofur – staðan og framtíðarsýn.“

d. Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða og framtíðarsýn. SH lagði fram og ræddi um greinargerðina: „Hugmynd um uppstokkun hjá Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE)“ þar sem fjallað er um breytingar á starfsemi NAVE aðallega á suðursvæði Vestfjarða í þeim tilgangi að efla og auka rannsóknarstarfsemi á Vestfjörðum en um leið að styrkja rekstrargrundvöll fyrir slíkri starfsemi í landshlutanum.

Til máls tóku einnig: FM, HBA, ÞS, SG, JPH og CG.

Samþykkt var að vísa greinargerð formanns stjórnar NAVE til nýrrar stjórnar sem boði varamenn stjórnarinnar á fund til að ræða um þessa framtíðarsýn og útfæra hana. Í framhaldinu verði aðildsveitarfélögunum kynntar hugmyndirnar.

- e. Fundargerð ársfundarins. Ársfundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins og senda aðildsveitarfélögum hana í framhaldinu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:05.**

Þórir Sveinsson, fundarritari.